

Umsögn Landssamtaka íslenskra stúdenta um reglur um fjárframlög til háskóla

Landssamtökum íslenskra stúdenta hafa borist til umsagnar frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu reglur um fjárframlög til háskóla. Samtökin fagna því að eftir áralanga vinnu skuli nýtt fjárveitingarlíkan brátt líta dagsins ljós enda hefur verið eftir því kallað í langan tíma. Samtökin vilja sömuleiðis taka fram að þau taka undir margt af því sem kemur fram í drögum þeim sem liggja nú til umsagnar en hér að neðan verður komið inn á helstu athugasemdir stúdenta. Reiknilíkanið er stefnumótandi tól stjórnvalda í málefnum háskóla og því vilja stúdentar koma því tryggilega á framfæri í upphafi þessarar umsagnar að athygli vekur að ekki er lögð áhersla á jafnrétti til náms við val á hvötum í reglum þessum. Jafnrétti til náms er fyrsta stoðin af fimm sem Menntastefna stjórnvalda til ársins 2030 er byggð á¹. Samtökin taka fyllilega undir það markmið og telja að líkanið í heild sinni ætti að miða að því að tryggja jafnrétti til náms auk þess að tryggja innleiðingu hinna fjögurra stoðanna sem Menntastefnan byggir á.

1. kafli - Almenn ákvæði

Samtökin fagna því að greinarmunur á ríkisframlögum til háskóla eftir rekstrarformi verði nú með gagnsæjum hætti. Það vekur þó athygli að lagt er til að skerðingin verði útfærð á annan hátt en á hinum Norðurlöndunum en í greinargerð með reglum um fjárframlög til háskóla kemur fram að í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi hafi háskólar sem þiggja ríkisframlag ekki heimild til þess að innheimta skólagjöld og í Noregi er ríkisframlagið skert um 30-70% ef skólar innheimta skólagjöld. Því er 25% skerðing af kennslu- og rannsóknarhluta fjárveitingarlíkansins töluvert minni skerðing en í samanburðarlöndunum, sérstaklega í ljósi þess að liðurinn *samfélagslegt hlutverk* verður ekki skertur og því er skerðingin í raun einungis 19% af heildarframlaginu.

2. kafli - Fjárframlög vegna kennslu

LÍS fagnar áherslu ráðuneytisins á gæði náms við val á hvötum en telja mikilvægt að einnig verði lögð áhersla á jafnrétti til náms líkt og áður segir. Ljóst er að háskólasamfélagið í núverandi mynd endurspeglar ekki þverskurð samfélagsins og því þarf reiknilíkanið að stuðla að aukinni félagslegri vídd. Mikilvægt er að skoða þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingar stundi nám og með hvaða hætti sé hægt að beita reiknilíkaninu til þess að tryggja jafnt aðgengi. Stúdentar telja það vera grundvallaratriði að reiknilíkanið stuðli að auknu aðgengi að námi og félagslegri vídd innan háskólasamfélagsins. Stúdentar hafa viðrað áhyggjur sínar af því að ef

¹ [Menntastefna til ársins 2030](#)



hvatarnir *loknað einingar og brautskráningar*; standi jafn veigamiklir og gert er ráð fyrir nú, geti það leitt til aukinna aðgangsstýringa en aðgangsstýringar geta dregið verulega úr aðgengi ýmissa hópa að háskólanámi

Það hefur komið fram að markmið þessara reglna sé að skapa hvata fyrir skólana til þess að halda vel utan um nemendur sem ætti að leiða til herra útskriftarhlutfalls. Í því samhengi hefur verið vísað til reynslu þessara hvata á Norðurlöndunum. Samtökin sjá því ástæðu til þess að minna á að þó þetta markmið sé af hinu góða þá er ekki hægt að líta framhjá þeirri staðreynd að háskólar á Norðurlöndum hafa verið töluvert betur fjármagnaðir en hinir íslensku til margra ára og þ.a.l. betur í stakk búnir til þess að raunverulega nýta hvatana til þess að auka gæði og veita einstaklingsmiðaða nálgun í námi. Því er grundvallarforsenda fyrir þessum hvötum að skólarnir verði fjármagnaðir á þar við meðaltal norðurlandanna svo að skólarnir geti raunverulega nýtt sér þá.

Í ljósi þess að jafnrétti til náms er helsta stoðin sem Menntastefna til ársins 2030 byggir á hvetja Landssamtökin íslenskra stúdenta ráðherra háskólamála til að huga sérstaklega að aðgengi að námi og aukinni félagslegri vídd við ákvörðun reglna um fjárframlög. Þá sjá samtökin sérstaka ástæðu til þess að taka fram að ekki er hægt að líta á aðgangsstýringar sem mögulega afleiðingu sem verður einungis í höndum háskólanna enda er reiknilíkanið stefnumótandi tól stjórnvalda og því þarf ráðuneytið að gera á því skýr skil hvernig má tryggja greiðan aðgang að háskólum landsins.

Þá telja stúdentar að hætt sé við því að afleiðing þessara hvata, verði þeir í þessum hlutföllum, gangi gegn upphaflegum markmiðum um að stuðla að auknum gæðum háskólanáms. Ef meirihluti af fjármagni til háskólanna er háður því að nemendur ljúki námsmati getur það leitt til þess að skólarnir séu knúnir til þess að slá af kröfum til stúdenta með það að markmiði að ná nauðsynlegu fjármagni fyrir starfsemi skólanna.

Að lokum taka samtökin undir með skýrsluhöfundum Grænbókar um fjárveitingar til háskóla, mál nr. 5/2020, um að hvatinn í núverandi reiknilíkani sé einsleitur og ýti undir áherslu á magn fremur en gæði². Í ljósi þessa, sem og ofangreinds, telja stúdentar að hverfa þurfi frá áformum um að 40% af heildarfjármagni fylgi loknum einingum og 20% fylgi brautskráningum. Þá yrðu samtals 60% af heildarfjármagni til háskólanna háð því að nemandur standist námsmat og verður það að teljast stór partur af heildarfjármögnun háskólanna og hvatinn því orðinn einsleitur á ný. Þá er mikilvægt að huga að áhrifum hvatanna fyrir hvern skóla en á mynd 4 í greinargerð reglnanna má t.d. sjá að Háskólinn á Bifröst sækir 75% fjármagn sitt til kennsluhlutans og skólinn því orðinn verulega háður því að nemandur standist námsmat.

Í greinargerð kemur fram að flokkun námsgreina í reikniflokka er gerð m.t.t. kennsluaðferða, húsnaðisþarfa, sérhæfðum búnaði og áherslu stjórnvalda. Stúdentar taka undir þessa skiptingu að mestu leyti en telja þó að einnig þurfi að taka tillit til fámennra greina við skiptingu í reikniflokka. Í þessu samhengi má til dæmis benda á tungumálanám sem er bóknám og er staðsett í flokki A. Í tungumálanámi þarf þó að gera ráð fyrir færri nemendum á kennara og gagnvirku námi og því eðlilegt að við flokkun sé einnig tekið tillit til slíkra þátta. Stúdentar vilja einnig minna á mikilvægi þess að líta til framþróunar í kennsluháttum en til þess þarf að vera svigrúm innan háskóla til að þróa mismunandi kennsluaðferðir.

3. kafli - Fjárframlög vegna rannsókna

² [Umsögn LÍS um Grænbók um fjárveitingar til háskóla, mál nr. 5/2020](#)



Stúdentar fagna því að í nýju reiknilíkani sé lagt upp með að framlögum vegna rannsókna verði ráðstafað með gagnsæjum og fyrirsjáanlegum hætti. Sömuleiðis fagna stúdentar því að gert er ráð fyrir sérstökum umbunum fyrir styrkveitingar en það er gert með það að markmiði að hvetja háskóla til aukinna styrkumsókna og þar með rannsóknarstarfs. Það vekur þó athygli að einungis eigi að umbuna fyrir erlenda styrki. Í greinargerð með reglunum er sú ákvörðun rökstudd með vísan til þess að innlendir styrkir eru að miklu leyti fjármagnaðir af ríkissjóði. Ef markmiðið með þessum lið er að hvetja til aukinna styrkveitinga ætti ekki að skipta máli hvernig styrkirnir sem sótt er um eru fjármagnaðir og því þykir stúdentum einsýnt að þessi liður ætti einnig að ná til innlendra styrkja. Innlendir styrkir nýtast sérstaklega til stuðnings við rannsóknarstarf stúdenta og nýdoktora og líkt og Rannís bendir á í umsögn sinni styðja þeir oft við fyrstu stig rannsókna sem síðar geta leitt til umsókna í erlenda sjóði³.

Almennt er mikil áhersla á erlenda styrki og erlendar birtingar í rannsóknarhlutanum. Stúdentar hafa verið málsvarar aukinnar alþjóðavæðingar háskólasamfélagsins enda styrkir það tvímælalaust íslenskt samfélag. Það vekur þó athygli hversu umfangsmikill partur af fjárveitingum vegna rannsókna gerir einungis ráð fyrir erlendum birtignum og erlendum styrkjum. Ljóst er að liðurinn *rannsóknarauki* eigi að koma til móts við þjóðlegar greinar og aðrar fræðigreinar sem birta að stærstum hluta á íslensku en hann er þó töluvert smærri en rannsóknarhlutinn sem miðar að erlendum birtingum. Því leggja stúdentar til að liðurinn *birtingartölfræði* verði minnkaður og liðurinn *rannsóknarauki* hækkaður á móti.

4. kafli - Fjárframlög vegna samfélagslegs hlutverks

Í samráðsferli við smíði þessara reglna lögðu stúdentar m.a. áherslu á að tryggja þyrfti þætti á borð við stoðþjónustu en til þess að tryggja að hún sé aðgengileg öllum nemendum þyrfti hluti af reiknilíkaninu að taka tillit til fjölda skráðra nemenda. Því fagna stúdentar sérstökum *kennsluauka*. Í ljósi þeirra athugasemda sem hafa verið raktar hér að ofan er hið háa hlutfall þáttanna *loknað einingar* og *brautskráningar* hvetja stúdetnar til þess að kennsluaukinn verði stækkaður á kostnað lokinna eininga.

Samtökin lýsa einnig yfir ánægju með það að liðurinn *sókn í þágu háskóla og samfélags* verði útfærður með háskólunum enda á sér stað mikil stefnumótunarvinna innan háskólanna og gæti liðurinn stuðlað að sérstöðu skólanna og aukinnar lýðræðisþátttöku innan háskólasamfélagsins.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Alexandra Ýr van Erven

Forseti Landssamtaka íslenskra stúdenta

³ [Umsögn Rannís um drög að reglum um fjárframlög við háskóla](#)